



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 545 6000

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2016.

Efni: Umsögn KPMG ehf. um tillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins til breytinga á frumvarpi á þingskjali 1346 – 787. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 22. ágúst 2016 er KPMG ehf. gefinn kostur á að veita umsögn um tillögur frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um breytingar á frumvarpi til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. KPMG ehf. sér ástæðu til að setja fram eftirfarandi ábendingar.

Föst starfsstöð

Undir A.-lið gerir ráðuneytið tillögu um að við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði aukið nýrri grein, 3. gr. a, sem innihaldi skilgreiningu á hugtakinu „föst starfsstöð“.

KPMG ehf. fagnar tillögu um lögfestingu skilgreiningarinnar, en leggur til að við tillöguna verði aukið einni málsgrein, svohljóðandi:

Umråd fyrirtækis heimilisfasts utan Íslands á netþjónum og tengdum tölvubúnaði staðsettum hér á landi leiða ein sér ekki til myndunar fastrar starfsstöðvar erlenda fyrirtækisins. Samsetning og uppsetning netþjóna og tengds tölvubúnaðar til eigin umráða myndar ekki fasta starfsstöð erlends fyrirtækis.

Skilgreining sú á fastri starfsstöð, sem ráðuneytið leggur til, er í samræmi við fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningum. Umdeilanlegt er hvort umráð erlends fyrirtækis á netþjónum í netþjónabúi (gagnaveri) á Íslandi leiði til myndunar fastrar starfsstöðvar hér á landi samkvæmt skilgreiningunni. KPMG ehf. leggur til að skýrt verði kveðið á um að slík umráð ein sér myndi ekki fasta starfsstöð. Með erlendu fyrirtæki er átt við lögaðila eða mann í atvinnurekstri, sem heimilisfastur er utan Íslands og ber því ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Umråd geta falist í afnotarétti á grundvelli eignarhalds, leigu- eða lánsamnings, þ.m.t. eignaleigusamnings. Umråd geta einnig falist í því að fyrirtæki er í raun eini notandi viðkomandi netþjóna, þótt afnotarétti á framangreindum grundvelli sé ekki fyrir að fara.

Tillaga KPMG ehf. samræmist staðfestuákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi: „*Þjónustuveitandi telst hafa staðfestu í tilteknu ríki ef hann stundar þar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð.*“ Í athugasemdum frumvarps þess er varð að lögum nr. 30/2002 kemur fram að lögin byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rafræn viðskipti. Um staðfestu segir í athugasemdunum: „*Í tilskipuninni kemur fram að tilvist og notkun nauðsynlegra aðferða og tækni til þess að láta þjónustuna í té jafngildi ekki staðfestu þjónustuveitanda í sjálfu sér. Staðfesta þjónustuveitanda telst því ekki þar sem vefþjónn, sem vefsíða er vistuð á, er staðsettur eða þar sem vefsíða er aðgengileg, heldur þar sem þjónustuveitandinn stundar atvinnurekstur sinn í raun.*“

Í tilvikum fyrirtækis sem selur upplýsingar en ekki vörur má líkja netþjóni við vörugeymslu, sem ein sér myndar ekki fasta starfsstöð samkvæmt þeirri skilgreiningu sem ráðuneytið leggur til.

Að virtum öryggissjónarmiðum getur það varðað umráðanda netþjóna og tengds vél- og hugbúnaðar miklu hvernig búnaðurinn er samsettur og uppsettur. Eðlilegt er því að umráðandinn komi að samsetningu og uppsetningu búnaðar ásamt rekstraraðila netþjónabús. Netþjónar og tengdur búnaðar endast að jafnaði aðeins í fá ár. Því þarf með reglubundnum hætti að skipta um netþjóna og tengdan búnað. Samsetning og uppsetning hverju sinni stendur aðeins yfir í skamman tíma. Aðkoma umráðanda að samsetningu og uppsetningu hverju sinni hefur því ekki þann varaleika sem gera verður kröfu um varðandi myndun fastrar starfsstöðvar. KPMG ehf. leggur til að allur vafi verði tekin af í þessum efnum með beinu ákvæði.

KPMG ehf. telur að ákvæði það sem félagið leggur til, sé til þess fallið að eyða óvissu, sem ríkt hefur í starfsemi íslenskra netþjónabúa, og styrkja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart netþjónabúum í öðrum ríkjum.

Raunveruleg atvinnustarfsemi

Tillögur ráðuneytisins undir B.- til F.-liðum fela í sér breytingar á ákvæðum 1. til. 4. gr. frumvarps á þingskjali 1346. Rót tillagnanna er að í ákvæðum 51. gr., 52. gr., 54. gr., 56. gr., 56. gr. a og 57. gr. a gildandi tekjuskattslaga er viðhaft orðalagið „raunveruleg atvinnustarfsemi“. Það hugtak er afar óljóst. Af lögskýringargögnum verður helst ráðið að með notkun hugtaksins í lögnum sé leitast við að aðgreina tekjur eftir eðli þeirra, í annars vegar óvirkar tekjur (e. passive income) og hins vegar tekjur af virkri atvinnustarfsemi (e. business profits).

Í núgildandi 7. mgr. 57. gr. a tekjuskattslaga er ráðherra falið að skilgreina í reglugerð hvað felist í hugtakinu raunveruleg atvinnustarfsemi. Á þeim grundvelli setti fjármála- og efnahagsráðherra fram eftirfarandi skilgreiningu í 6. gr. reglugerðar nr. 1102/2013:

„Starfsemi CFC-félags telst til raunverulegrar atvinnustarfsemi skv. 4. mgr. 57. gr. a laga nr. 90/2003, enda stundi félagið atvinnurekstur og aflfi tekna af sjálfstæðri starfsemi í þeim mæli að starfsemi þess teljist til virkrar þátttöku í almennu atvinnulífi heimilisfestisríkisins. Eftirtalin atriði koma m.a. til skoðunar við slíkt mat:

- a. félagið hafi yfir að ráða eigin húsnæði, þ.m.t. leiguhúsnæði, birgðum og tækjum,
- b. til staðar sé föst yfirstjórn og starfsmenn í heimilisfestisríkinu sem annast þar rekstur þess,
- c. starfsmenn og stjórnendur í heimilisfestisríki hafi nægjanlegt umboð til þess að taka ákvarðanir ásamt fullnægjandi þekkingu og hæfni til þess að reka félagið,
- d. félagið hafi sterk efnahagsleg tengsl við heimilisfestisríkið m.a. með hliðsjón af því hvort það hafi sannanlegar tekjur af starfsemi sinni þar. Ef viðskipti félagsins fara aðallega fram innan fyrirtækjasamstæðu þarf að sýna fram á að þjónusta þess skapi í raun verðmæti fyrir önnur félög í samstæðunni og sé gerð í eðlilegum rekstrartilgangi.“

Efnisatriði þessarar skilgreiningar lúta ekki að eðli tekna heldur að því hvar starfsemi fer í raun fram og hvaðan henni er stjórnað. Ekki verður séð að með skilgreiningunni hafi náðst fram sú aðgreining óvirkra tekna og tekna af virkri atvinnustarfsemi, sem ætla má að stefnt hafi verið að. Hvorki bæta þar úr þær tillögur sem nú liggja fyrir í 1. til. 4. gr. frumvarpsins, né í B. til F. liðum tillagna ráðuneytisins.

Tillögur í 1. gr. frumvarpsins og í B.-lið ráðuneytisins lúta að takmörkun yfirfærslu milli ára á rekstrartapi lögaðila heimilisfastra á lágskattasvæðum við skattlagningu tekna þeirra hjá eigendum hér á landi. Skattlagningu hagnaðar slíks lögaðila skal hagað eins og væri hann hagnaður íslensks eiganda sem skattlagningunni sætir og það óháð því hvers eðlis starfsemi erlenda félagsins er. KPMG ehf. telur rök ekki standa til annars en að tap erlenda félagsins yfirfærast með sama hætti milli ára og væri það tap íslenska eigandans sem skattlagningunni sætir og það óháð eðli starfsemi erlenda félagsins. Er það í samræmi við það grunnsjónarmið gildandi CFC-reglna að í skattalegu tilliti skuli horft gegnum lögaðila á lágskattasvæði og við skattlagningu tekna hans hjá íslenskum eiganda skuli eigandinn vera eins settur



og ef teknanna hefði verið aflað hér á landi. Tillaga í 1. gr. frumvarps á þingskjali 1346 og tillaga ráðuneytisins undir B.-lið, ganga gegn þessu grunnsjónarmiði og mismuna íslenskum skattþegnum. **KPMG ehf. leggur því til að 1. gr. frumvarps á þingskjali 1346 falli brott.**

Umrædd tillaga ráðuneytisins er efnislega endurtekin undir G.-lið. Þar er lagt til að 1. mgr. 57. gr. a tekjuskattslaga innhaldi m.a. svohljóðandi málslið:

„Óheimilt er að draga tap sem myndast hefur hjá félagi, sjóði eða stofnun í lágskattaríki frá tekjum skattaðila samkvæmt 1. eða 2. gr. nema hinn erlendi aðili hafði og leggi stund á raunverulega atvinnustarfsemi og tekjur hans eru ekki að meginstofni til eignatekjur.“

KPMG ehf. leggur til að málsliður þessi verði felldur brott úr tillögu ráðuneytisins.

Tvísköttun tekna

Undir G.-lið leggur ráðuneytið til gagngera endurorðun ákvæðis 57. gr. a tekjuskattslaga. Meðal orðalags sem ráðuneytið leggur til er: *„Fari úthlutun fjármuna á tekjuárinu fram úr hlutdeild þeirra tekna sem taldar hafa verið fram og skattlagðar skulu skv. 3. mgr. 2. gr. skal skattleggja það sem umfram er á sama hátt“*. Ekki verður annað séð en að með þessu orðalagi sé lögð til tvísköttun sömu teknanna. Skýra má þá ályktun með dæmi af félagi á lágskattasvæði sem alfarið er í eigu íslensks skattaðila:

Á 1. ári er hagnaður erlenda félagsins 100, en engum arði er úthlutað úr félaginu á því ári. Til skattlagningar hjá eigandanum kemur því hagnaðurinn 100. Á 2. ári er hagnaður erlenda félagsins 0 og á því ári er hagnaði fyrra árs, 100, úthlutað sem arði til eigandans. Tilvitnuð tillaga ráðuneytisins virðist fela í sér að skattleggja skuli þá úthlutun hjá eigandanum. Hagnaðurinn 100 væri því skattlagður í tvígang, væri farið að tillögu ráðuneytisins.

KPMG ehf. leggur til að tilvitnuð orð verði felld brott úr tillögu ráðuneytisins.

Að öðru leyti telur KPMG ehf. að tillaga ráðuneytisins um umorðun ákvæðis 57. gr. a sé til bóta, ef frá er talin tillaga um rýmkun skilgreiningar lágskattaríkis.

Skilgreining lágskattaríkis

Undir G.-lið leggur ráðuneytið til stórfellda rýmkun á hugtakinu lágskattaríki. Tillagan er svohljóðandi: *„Ríki eða lögsagnarumdæmi telst lágskattaríki, ef íslensk skattfyrvöld geta ekki krafist allra nauðsynlegra upplýsinga á grundvelli tvísköttunarsamnings, samninga um upplýsingaskipti eða annars alþjóðasamnings.“*

Ísland hefur aðeins gert samninga af umræddum toga við rétt rúmlega þriðjung þeirra ríkja sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum. Ráðuneytið leggur því til að hátt í tveir þriðju hlutar ríkja veraldar verði skilgreindir sem lágskattaríki og það algjörlega óhád því hvernig skattlagningu er háttað í ríkjunum. Sem dæmi má nefna að Argentína, Brasilía, Ástralía, Nýja Sjáland, Japan, Pakistan, Marokkó og Suður Afrika yrðu skilgreind lágskattaríki, næði tillaga ráðuneytisins fram að ganga, þrátt fyrir að tekjuskattur félaga í þeim ríkjum sé frá 28% upp í 35%. **KPMG ehf. telur þessa tillögu ráðuneytisins fráleita og leggur til að tilvitnuð orð verði felld brott úr tillögunni.**

Tillit til skattlagningar ytra

Gildandi CFC-reglur fela í sér að hagnað lögaðila í lágskattaríki skal skattleggja sem væri hann hagnaður íslensks eiganda lögaðilans. Í reglunum er ekki kveðið á um að lækka skuli skatt á Íslandi sem nemur skatti á hagnað lögaðilans í heimaríki hans. Hvorki í frumvarpi á þingskjali 1346 né í tillögum ráðuneytis eru lagðar til breytingar þar á.

Almennt ákvæði um tillit til skattlagningar ytra er að finna í 4. mgr. 119. gr. tekjuskattslaga, og er það svohljóðandi:

„Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila, að lækka tekjuskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.“

Samkvæmt orðanna hljóðan þessa ákvæðis nær það ekki yfir skattgreiðslur lögaðila í lágskattaríki af hagnaði sínum, sem skattlagður er á Íslandi hjá eiganda lögaðilans. Með góðum vilja má skýra ákvæðið á þann vega að skattgreiðslur erlenda lögaðilans verði lagðar að jöfnu við skattgreiðslur íslenska eigandans (skattaðilans).

KPMG ehf. leggur til að allur vafi verði tekin af með því að auka við 57. gr. a tekjuskattslaga svohljóðandi málsgrein:

Frá reiknuðum skatti samkvæmt 1. mgr. skal draga þann skatt sem viðkomandi félag, sjóður eða stofnun heimilisföst í lágskattaríki, hefur sannanlega greitt af hagnaði sínum, hvort heldur er í heimaríki sínu eða í upprunaríki teknanna sem hagnaðinn mynda.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

Undir lið H.1 leggur ráðuneytið til verulega takmörkun á heimild skattaðila til gjaldfærslu vaxtagjalda vegna lánsviðskipta milli tengdra aðila, með lögfestingu nýrrar lagagreinar er verði 57. gr. b tekjuskattslaga.

Það sem fyrst vekur athygli KPMG ehf. varðandi þennan lið tillagnanna er að takmörkun þessari er ekki einvörðungu ætlað að taka til lánviðskipta milli fyrirtækja yfir landamæri, heldur einnig til lánviðskipta innanlands. Af skýringum ráðuneytisins með tillögnum verður þó ráðið að þær séu settar fram til höfuðs skattasniðgöngu alþjóðlegra fyrirtækjasamstæða með lánveitingum til íslenskra fyrirtækja frá fyrirtækjum í ríkjum þar sem skattar eru lægri en á Íslandi. Íslenskur skattstofn er lækkaður með gjaldfærslu vaxta, en vextirnir koma fram í stofni til lægri skatts í heimaríki lánveitanda og skattbyrði samstæðunnar í heild þannig lækkuð. Það sjónarmið á ekki að sama skapi við um lánviðskipti milli íslenskra fyrirtækja. Tekjufærsla vaxta hjá lánveitanda myndar íslenskan skattstofn til jafns við lækkun íslensks skattstofns með gjaldfærslu lántaka á vöxtunum.

KPMG ehf. leyfir sér að draga í efa nauðsyn þess að láta umrædda takmörkun ná til vaxtagjalda af lánviðskiptum milli fyrirtækja sem bera ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.

Ráðuneytið leggur til að í 4. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga verði hugtakið vaxtagjöld í þessu sambandi skýrt þannig að átt sé við hvers konar kostnað vegna lántöku að frádragnum vaxtatekjum vegna lánsviðskipta við tengda aðila. Að mati KPMG ehf. er skýring þessi ekki nægjanlega glögg. Ekki er ljóst hvort átt er við vexti í þrengri merkingu þess hugtaks eða hvort jafnframt er átt við afföll og gengisbreytingar.

KPMG ehf. leggur til að tillaga að 4. mgr. 57. gr. laganna verði orðuð svo:

Með vaxtagjöldum skv. 1. og 2. mgr. er átt við gjöld samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 49. gr. að frádragnum tekjum af sama toga, vegna lánviðskipta við tengda aðila skv. 4. mgr. 57. gr.

Í tillögu KPMG ehf. felst að gengistapi og gengishagnaði yrði haldið utan takmörkunarinnar, en ótvírætt yrði kveðið á um að takmörkunin næði auk vaxta í þrengri merkingu, þ.m.t. verðbóta, einnig til affalla. Jafnframt felst í tillöguninni að skýring þessi á vaxtagjöldum eigi ekki aðeins við um notkun þess hugtaks í 1. mgr. 57. gr. b laganna, heldur einnig til notkunar þess hugtaks í 2. mgr. 57. gr. b laganna.

Ráðuneytið leggur til að í 3. mgr. 57. gr. laganna verði hugtakið hagnaður í þessu sambandi skýrt þannig að átt sé við hagnað samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fjármagnsliðum, afskriftum og



niðurfærslum fastafjármuna, að fráðregnum hlutdeildartekjum í öðrum félögum en að viðbættum arði frá þeim félögum, hafi hlutdeildartekjur verið færðar í rekstrarreikning.

Af skýringum ráðuneytisins má ráða að átt er við EBITDA, sem er ensk skammstöfun fyrir Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization.

Tillaga ráðuneytisins að skýringu EBITDA er nokkuð nýstárleg og gæti valdið misskilningi. Þá virðist í skýringunni gert ráð fyrir að fjármagnsliðir séu alltaf neikvæðir, þ.e. gjöld umfram tekjur, sem ekki þarf að vera raunin. Hlutdeildartekjur eru færðar meðal fjármagnsliða og því virðist felast tvítekning í að geta þeirra sérstaklega. Þá virðist ráðuneytið ekki gera ráð fyrir að færð hlutdeild geti verið neikvæð, þ.e. gjaldfærsla en ekki tekjufærsla.

KPMG ehf. leggur til að tillaga að 3. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga verði orðuð svo:

Með hagnaði í 1. mgr. er átt við jákvæða afkomu samkvæmt ársreikningi fyrir færslu fjármagnsliða, tekjuskatts, fyrninga varanlegra rekstrarfjármuna og niðurfærslna óáþreifanlegra eigna. Til fjármagnsliða í þessu sambandi telst færð hlutdeild í afkomu annarra félaga samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Ráðuneytið leggur til að vaxtagjöld umfram 25% hagnaðar komi ekki til frádráttar tekjum í skattskilum.

Regla þessi getur verið mjög ósanngjörn gagnvart félögum sem búa við sveiflukennda afkomu milli ára vegna ytri aðstæðna. Þegar illa áraði væru vaxtagjöld ekki frádráttarbær, en þegar vel áraði væru vaxtagjöld vel undir viðmiðunarmörkum. Til lengri tíma litið gætu vaxtagjöldin verið innan viðmiðunarmarka.

Reglan getur hamlað nýsköpun fyrir þær sakir að nýsköpunarfyrirtæki þarfnast oft mikils lánsfjár á uppbyggingartíma, en hafa á þeim tíma litlar tekjur. Uppbygging fyrir lánsfé á upphafsárunum getur síðar skilað miklum tekjum.

KPMG ehf. leggur til að brugðist verði við framangreindum ágöllum reglunnar með því að í stað þess að vaxtagjöld umfram viðmiðunarmark falli niður í skattskilum þá verði þau millifæranleg milli ára. Vegna fyrsta rekstrarárs verði aðeins heimilt að gjaldfæra vaxtagjöld upp að viðmiðunarmarkinu, en það sem umfram er verði yfirfæranlegt til næsta rekstrarárs. Á öðru rekstrarári verði heimilt að gjaldfæra samanlögð vaxtagjöld þess árs og yfirfærð ógjaldfærð vaxtagjöld fyrra rekstrarárs upp að viðmiðunarmarkinu. Nemi hin samanlögðu vaxtagjöld hærri fjárhæð en viðmiðunarmarkinu, yfirfærast það sem umfram er til þriðja árs, og þannig koll af kalli.

KPMG ehf. leggur því til að málsliðurinn sem í tillögu ráðuneytisins er orðaður „Þau vaxtagjöld sem umfram eru koma ekki til frádráttar.“ verði orðaður svo:

Þau vaxtagjöld sem umfram eru koma ekki til frádráttar á viðkomandi rekstrarári, en eru yfirfæranleg til næsta árs, leggjast við vaxtagjöld þess árs og gjaldfærast með þeim allt að 25% hagnaðar þess árs.

Rétt kann að vera að takmarka tíma yfirfærslu, t.d. við tíu ár líkt og gert er í gildandi tekjuskattslögum varðandi yfirfærslu rekstrartaps. Standi vilji til þess mætti auka við tillöguna annarri málsgrein svohljóðandi:

Hafi yfirfærð vaxtagjöld ekki verið að fullu gjaldfærð á næstu tíu árum frá því að þau féllu til, fellur niður heimild til yfirfærslu þessa hluta vaxtagjaldanna sem enn er ógjaldfærður.

KPMG ehf. bendir á að ráðherraskipaður starfshópur lagði til, í skýrslu sinni dagsettri í júní 2012, að viðmiðið yrði 30% af hagnaði. Það sama viðmið er einnig lagt til í þingmannafrumvarpi sem liggur fyrir Alþingi á þingskjali 1204. Í ljósi þess að um viðamikla takmörkun getur verið að ræða þykir KPMG ehf. rétt að stíga varlega til jarðar og tekur undir tillögur um viðmiðið 30% af hagnaði.

Ráðuneytið leggur til þrjár undantekningar frá umræddri reglu. KPMG ehf. leggur til að aukið verði við fjórðu undantekningunni, sem taki til vaxta vegna lánaviðskipta milli samskattaðra félaga. Samsköttun félaga miðar að því að félög innan samsköttunarinnar séu skattlögð eins og eitt félag væru og er tekjuskattur lagður á sameiginlegan skattstofn félaganna. Vextir í innbyrðis lánaviðskiptum félaganna hafa engin áhrif á hinn sameiginlega skattstofn, enda nemur gjald- og tekjufærsla vaxtanna sömu fjárhæð. Engin skattaleg hagræðing getur falist í lánaviðskiptunum milli samskattaðra félaga, sem þörf er á að bregðast við með takmörkun á gjaldfærslu vaxta.

KPMG ehf. leggur því til að við 2. mgr. 57. gr. b samkvæmt tillögu ráðuneytisins verði aukið nýjum staflíð, svohljóðandi:

d) lánþegi og lánveitandi í lánaviðskiptunum eru skattlagðir saman skv. 55. gr.

Ráðuneytið leggur til að umrædd regla skuli ekki eiga við ef vaxtagjöld skattaðila vegna lánaviðskipta við tengda aðila nema lægri fjárhæð en 50 milljónum króna. KPMG ehf. bendir á að áður nefndur starfshópur lagði til að í þessum efnum yrði miðað við 160 milljónir króna og sú fjárhæð er einnig lögð til í frumvarpi á þingskjali 1204.

Hér ber mikið í milli og **leggur KPMG ehf. til að farinn verði einhver millivegur, t.d. að markið verði sett við 100 milljónir króna.** Hefur félagið þá í huga það sjónarmið að rétt sé að stíga varlega til jarðar við setningu svo íþyngjandi reglan sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

